

AUGLÝSING**46**

25. júlí

um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum 16. þ. m. allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi breyting á

REGLUGERÐ FYRIR HÁSKÓLA ÍSLANDS.

51. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Próf í íslenskum fræðum.**I. Kennarapróf.**

Prófgreinar eru þessar:

I. Málfræði og saga íslenzkrar tungu.

II. Íslensk bókmenntasaga og ritskýring.

III. Saga og menningarsaga Íslendinga.

Kandidatinn skal, eigi síðar en 3 misserum áður en hann gengur undir prófið, hafa valið sér í samráði við kennarana hæfilega afmarkað svið í einni prófgreininni (kjörsvið), sem hann kynnir sér út í æsar.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í hverri grein, og skal ætla 6 stundir til skriflegra úrlausna. Að því loknu skal kandidatinn semja ritgerð um eitthvert atriði úr kjörsviði sínu, sem kennarar taka til, og er honum heimilt að verja til hennar hálfum mánuði.

Einkunnir eru gefnar fyrir bæði munnlegar og skriflegar úrlausnir í hverri grein, og auk þess tvöföld einkunn fyrir ritgerðina, alls 8 einkunnir. Við dóma um hinar skriflegu úrlausnir og ritgerðina skal taka tillit til efnisskipunar og málfæris. Að öðru leyti gilda um próf þetta hin almennu ákvæði um embættispróf í háskólanum.

II. Meistarapróf.

Kandidötum, sem leyst hafa af hendi kennarapróf í íslenskum fræðum, er heimilt að ganga undir þetta próf. Þeir velja sér að viðfangsefni eina af hinum 3 prófgreinum, en innan þeirrar greinar nánar afmarkað svið (kjörsvið), sem þeir skulu rannsaka visindalega. Eftir að kandidat hefir gengið undir munnlegt einkapróf (tentamen) hjá aðalkennara sínum, til þess að sýna, að hann hafi aflað sér nægilegrar almennrar þekkingar í sérgrein sinni, velur hann sér í samráði við kennarana verkefni úr kjörsviði sínu og semur um það ritgerð. Hann ræður sjálfur, hversu langan tíma hann tekur til ritgerðarinnar, enda sé hún vönduð að öllum frágangi. Kennararnir í íslenskum fræðum dæma einir um þetta próf.

46 Einkunnir fyrir það eru hæfur (admissus) og ágætlega hæfur (admissus cum
25. júlí egregia laude).

Þeim stúdentum, sem byrjað hafa nám áður en ákvæði þessi ganga í gildi,
er heimilt að ganga undir meistarapróf samkvæmt hinum eldri reglum.

Þetta birtist hérmeð öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 25. júlí 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

47

5. sept.

OPID BRÉF

er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar mánudaginn 1. október 1934.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt lögum 8. febrúar 1934 um sam-
komulag reglulegs Alþingis árið 1934 allramildilegast höfum ákveðið, að
láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 1. október 1934.

Um leið og Vér birtum þetta bjóðum Vér öllum þeim, sem setu eiga á Al-
þingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að
guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Amaliuborg, 5. september 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.